

Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn á Hvanneyri 21. apríl 2015

Mættir eru Þóroddur Sveinsson (ÞS, stjórnarformaður), Pétur Diðriksson (PD), Lárus Pétursson (LP, framkvæmdastjóri) og Jón Hallsteinn Hallsson (JHH) sem ritaði fundargerð.

1. Ársreikningar Grímshaga 2014

Ársreikningum dreift til stjórnarmanna. ÞS kynnir helstu atriði í rekstra- og efnahagsreikningum. Skuldir 31. desember 2014 um 42,7 milljónir.

2. Uppfærð greining framkvæmdastjóra á stöðu skulda og viðskiptakrafna sem hægt er að leggja fyrir yfirstjórn og lögfræðinga Lbhí til að vinna úr

LP: Allar viðskiptakröfur í efnahagsreikningi 31. desember 2014 eru komnar í hús, samtals um 14 milljónir (sjá).

LP: Greining á skuldum Grímshaga eins og þær voru 31. desember 2014 (skv. ársreikningi eins og hann kemur fyrir í dk-Búbót) með breytingum frá áramótum. Samtals með yfirdrætti ógreitt 18,5 milljónir.

3. Staða samninga við nýja leigjendur á Hesti

ÞS: Kynnti niðurstöður úr viðræðum við umsækjendur um leiguna á Hesti.

4. Uppgjör og frágangur á Hesti fyrir nýja leigjendur

Mikilvægt að fram fari ítarleg úttekt á stöðu Hestsbúsins til að tryggja megi eðlilega greiðslu við yfirfærslu á búinu.

5. Vorverkin framundan – mat í ljósi stöðu félagsins og starfsmanna

LP: Stemning nokkuð góð meðal starfsmanna miðað við undangengnar uppsagnir. Búið er að semja um rúllun fyrir sumarið. Ekki búið að panta áburð, fyrirhugað er að minnka áburðarkaup.

6. Dagsetning aðalfundar

Ekki er hægt að ákveða dagsetningu á aðalfundi Grímshaga fyrr en reikningar 2014 hafa verið endurskoðaðir af Lbhí.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.